

## Fyrirspurn

til menningar- og viðskiptaráðherra um heimild til færslu  
bókhalds í öðrum gjaldmiðlum en krónu.

Frá Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur.

- Hversu mörg einkafyrirtæki og einkafélög höfðu árið 2023 heimild hjá ársreikningaskrá skv. 7. gr. laga um ársreikninga til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskrar krónu?
- Hversu mörg opinber fyrirtæki og félög höfðu árið 2023 heimild hjá ársreikningaskrá skv. 7. gr. laga um ársreikninga til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskrar krónu?
- Hver var skipting þessara félaga og fyrirtækja milli atvinnugreina samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands?
- Hvaða gjaldmiðlar voru notaðir í stað íslenskrar krónu?
- Hversu mörg fyrirtæki sóttu um og hversu mörg fengu heimild til að færa bókhaldsbækur og semja og birta ársreikninga í erlendum gjaldmiðli í stað íslenskrar krónu?
- Á hvaða grundvelli höfðu þessi fyrirtæki og félög óskað eftir því að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli?

Skriflegt svar óskast.